

10. gr.

Nefndarmenn og varamenn þeirra, og allir aðrir sem hafa starfað fyrir eða með nefndinni sem sérfræðingar, eða í hvaða hlutverki sem er, skulu vera bundnir þagnarskyldu um leyndarmál, hvort sem um er að ræða einkamál eða fjölskyldumál, sem þeir hafa komist á snodir um í sambandi við störf sín við mál hjá nefndinni.

11. gr.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar, þar með talin þóknun nefndarmanna, ritara, svo og til sérfræðinga sem leitað er til, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði hennar ná ekki til mála, sem komið hafa fram fyrir gildistöku.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

6. mars 1985

AUGLÝSING

Nr. 151

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Skipagötu frá Sundstræti að Brunngötu. Tvístefnuakstur skal hins vegar vera á Skipagötu frá Aðalstræti á Brunngötu.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 6. mars 1985.

Pétur Kr. Hafstein.

21. mars 1985

AUGLÝSING

Nr. 152

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Á mótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu verður biðskylda samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Á Geislagötu, við austurbrún, norðan Gránufélagsgötu, eru heimiluð stæði fyrir tvær leigubifreiðir á tímabilinu frá kl. 00.00 til 04.00.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 21. mars 1985.

Elías I. Elíasson.